

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. maí 2026

2604003SK BG
Málalykill: 60.21

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnun
kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004 (jöfnunargjald) – 596. mál**

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum fagna frumvarpinu og leggja þunga áherslu á að það verði afgreitt á yfirstandandi þingi þannig að fyrirhuguð breyting geti tekið gildi 1. júlí 2026.

Málið fellur beint að tilgangi samtakanna, sem er m.a. að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga, íbúa og fyrirtækja í málum sem tengjast jöfnun orkukostnaðar til húshitunar á köldum svæðum og stuðla að því að niðurgreiðsla og stuðningur nái til allra fasteigna óháð notkun og eignarhaldi.

Með frumvarpinu er stigið mikilvægt skref í átt að auknu jafnræði milli landsvæða. Ójafn orkukostnaður er ekki eingöngu gjaldskrármál heldur byggða-, atvinnu- og jafnræðismál. Íbúar og fyrirtæki á köldum svæðum eiga ekki að bera hærri kostnað vegna búsetu eða staðsetningar þegar aðgangur að hagkvæmri húshitun er ekki til staðar með sama hætti og á heitari svæðum.

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að breytingarnar leiði til 90% jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku frá og með 1. júlí 2026 og að breytingin ætti ekki að leiða til hækkunar vísitölu neysluverðs. Þessi breyting hefði því raunveruleg og mælanleg áhrif fyrir heimili, fyrirtæki og sveitarfélög á köldum svæðum. Þótt samtökin hefðu kosið að gengið yrði alla leið með fulla jöfnun telja þau frumvarpið mikilvægt og tímabært skref í átt að sanngjarnari orkukostnaði.

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum mæla því eindregið með samþykkt frumvarpsins og hvetja Alþingi til að tryggja að málið nái fram að ganga á þessu þingi.

Virðingarfyllt

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum

Íris Róbertsdóttir,
Vestmannaeyjum

Björn Ingimarsson,
Múlaþingi

Björg Ágústsdóttir,
Grundafjarðarbæ

Kristinn Jónasson,
Snæfellsbæ

Valdimar O. Hermannsson,

Gerður Björk Sveinsdóttir,
Vesturbyggð

